

## 110. Skólanefndarfundur 12. janúar 2011

Skólanefndarfundur haldinn miðvikudaginn 12. janúar 2011 í Ráðhúsinu. Mættir voru: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Sigurður Þórarinsson, Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans, Haukur Garðarsson, Auður Vésteinsdóttir áheyrnarfulltrúi Helgafellssveitar, Áslaug Kristjánsdóttir, Karín Rut Bæringsdóttir fyrir hönd foreldrafélags grunnskólans, Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskólans, María Magnúsdóttir fulltrúi foreldrafélags leikskólans og Elín Guðrún Pálsdóttir fulltrúi kennara leikskólans sem ritaði fundagerð.

### 1. Skýrsla skólastjóra grunnskólans

#### a. Janúarpunktur

Foreldrafélag grunnskólans er farið að skipuleggja það starf sem framundan er.

#### b. Skólareglur GSS

Voru settar vegna ákveðinna agapunkta innan skólans sem þurfti að laga. Má þar nefna tölvu og símanotkun innan skólans. Þessar nýju reglur hafa gengið vel það sem af er. Ef nemandi þarf tölvu í tímum sækja foreldrar sérstaklega um það. Einnig er verið að taka á stundvísi nemenda.

Verið er að fastmóta reglur og hvaða afleiðingar brot hefur.

#### c. Samræmd próf

Ekki voru niðurstöður samræmdra prófa viðunandi. Verið er að vinna í því hvað betur má fara og hvernig hægt er að lagfæra þessa niðurstöður hjá nemendum. Fyrst voru öllum starfsmönnum skólans kynntar niðurstöður prófanna. Einnig voru niðurstöður fyrri ára skoðaðar.

Átak er hafið til að takast á við og bæta þessar niðurstöður því ekki er viðunandi að árangur nemenda við Grunnskólann í Stykkishólmi skuli fara niður á við.

Lestrarátak verður í yngstu bekkjum skólans.

Gunnar mun upplýsa skólanefndarfólk jafnt og þétt á næstu fundum fram á vor hvernig gengur í þessu átaki.

Ábending kom um að gott væri að setja allt inn á heimasíðu skólans um þetta átak og hvernig það gengur til að upplýsa foreldra.

Hægt er að lesa niðurstöður þessara prófa á <http://www.namsmat.is>

#### d. Undirbúningur næsta skólaárs er hafin.

#### e. Önnur mál

Spurning til skólastjóra grunnskólans hvort hægt væri að fá kynningu á niðurstöðu á þeirri könnun sem gerð var í fyrra á meðal foreldra. Þessi könnun var gerð á vegum sjálfsmatshóps grunnskólans og má sjá niðurstöður könnunarinnar [á vef Grunnskólans](#). Skólastjóri mun fara yfir það á næsta fundi.

## 110. Skólanefndarfundur 12. janúar 2011

### 2. Skýrsla leikskólastjóra

#### a. Barnafjöldi:

- i. Örlitlar breytingar hafa orðið á dvalartímum barnanna frá síðasta fundi, sumir eru að minnka leikskóladvöl og aðrir að lengja. Nú eru aðlaganir að byrja og búið að færa börn á milli deilda. Það eru þrjú ný börn að byrja hér í janúar.

#### b. Sérfræðingar:

- i. Sálfræðingur kemur hingað 25. janúar.
- ii. Ásta Sigurbjörnsdóttir talmeinafræðingur er líka væntanleg.

#### c. Starfsdagur:

- i. Við byrjuðum nýtt ár með starfsdegi þar sem farið var yfir skólanámskrána okkar og hún uppfærð. Stefnt er að því að klára hana á þessu skólaári.
- ii. Næsti starfsdagur verður 18. febrúar frá kl 12:00 til 16:00 og þar verður farið í skyndihjálp, leiðbeinandi verður Einar Strand.

#### d. Jólamánuður:

- i. Desembermánuður var með hefðbundnu sniði og gekk allt vel fyrir sig.

#### e. Ýmislegt:

- i. Leikskólastjóri og formaður skólanefndar ætla að fara yfir innritunarreglur og uppfæra þær. Reglurnar verða svo lagðar fyrir næsta fund.
- ii. Námskeið var í Grundarfirði þriðjudaginn 11. janúar á vegum HSH, UMFÍ og Menntamálaráðuneytisins sem ber nafnið „Verndum þau“. Þrír fulltrúar fóru frá leikskólanum á þetta námskeið. Þetta námskeið var einnig haldið hér fyrir nokkrum árum. Þarna var farið yfir barnaverndarlög og viðbrögð.
- iii. Leikskólagjöldin hækkuðu um 10% 1. janúar 2011 á móti kom að afsláttur fyrir einstæða foreldra hækkuðu á móti.

#### f. Sumarlokun:

- i. Huga þarf að fyrirkomulagi sumarlokunar næsta sumar. Undanfarin ár hefur leikskólinn verið lokaður í 24 virka daga. Reynt er að taka inn ný börn um leið og þau hafa aldur til. Hér áður fyrr var aðlögunartími nýrra nemenda eingöngu að hausti, í upphafi árs og að vori.

#### Önnur mál:

Spurningar til leikskólastjóra

Hvernig starfsdagur hefði gengið 3. janúar. Hann gekk vel.

Var lokað á gamlársgang í leikskólanum? Svar: Leikskólinn í Stykkishólmi hefur verið lokaður á aðfangadag og gamlársgang frá upphafi.

Næsti fundur er 9. febrúar.

Fundi slitið kl. 18:08.

Elín Guðrún Pálsdóttir